

Skipulagsstofnun

8. janúar 2021

Umsögn Samorku um tillögu til viðbótar við Landsskipulagsstefnu

Með vísan í umsagnarbeiðni um breytta tillögu til viðbótar við Landsskipulagsstefnu, frá 18. nóvember síðastliðnum á vef Skipulagsstofnunar, þá veita samtökin hér umsögn sína.

Fram kemur í tillögunni að í „Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er mörkuð stefna um fjögur viðfangsefni: Skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Þar eru einnig sett fram fjögur leiðarljós fyrir stefnumótun um skipulagsmál og framkvæmd skipulagsmála, en þau eru um sjálfbærni, seiglu og sveigjanleika, lífsgæði og samkeppnishæfni.“ Samorka tekur vel í vinnuna við Landsskipulagsstefnu en hefur ábendingar og athugasemdir, sem fylgja hér að neðan.

5.1.2 Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna

Fram kemur í kaflanum að í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði „sett fram stefna og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur. Skipulag styðji einnig við orkuskipti og skapi, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna“. Samorka fagnar áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur, en leggur til að sama megináhersla verði lögð á orkuskiptin, þ.e að í skipulagi verði það einnig algert forgangsatríði að huga að innviðum fyrir orkuskipti.

6.0.3 Leiðbeiningar, hvatning og vitundarvakning um staðarmótun, landslagsgæði og landslagsvernd í skipulagi

Fram kemur að „Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis fyrir sveitarfélög, skipulagsráðgjafa og hönnuði um staðarmótun og landslagsvernd í skipulagi, í samráði við hlutaðeigandi aðila“. Samorka telur mikilvægt að víðtækt samráð fari um slíkar leiðbeiningar, og raunar væri rétt að þær væru settar fram tilbúnar (eftir samráð) sem fylgiskjal með skjölum þessum. **Þessi athugasemd á almennt við um þær leiðbeiningar sem kallað er eftir að útbúnar verði byggt á viðbót við Landsskipulagsstefnu. Það er álit samtakanna að það sé mikilvægt að Alþingi komi sem mest að stórum stefnumótandi ákvörðunum.**

6.1.6 Greining og kortlagning óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningar um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna

Fram kemur í kaflanum að Skipulagsstofnun (í samráði við Umhverfisstofnun) munu hafa förgöngu um að „ávallt sé aðgengilegt uppfært kort af óbyggðum víðernum á landsvísu ásamt lýsingu megin víðernissvæða. Skipulagsstofnun gefi jafnframt út leiðbeiningarefni fyrir staðbundna greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna við skipulagsgerð“. Samorka bendir á að hér sé um að ræða verkefni sem gæti haft miklar afleiðingar, og því er mikilvægt að það sé vel og ítarlega fjallað um aðferðafræðina sem notuð verður og aðkomu haghafa að

vinnunni. Samorka kallar eftir samráði við helstu haghafa um þetta mál og jafnframt að niðurstaða varðandi bæði kortlagningu og leiðbeiningarefni verði gefin út með viðbót við Landsskipulagsstefnu. Þannig yrði tryggt að ferli þessa mikilvæga máls byði upp á næga umræðu og aðkomu sérfræðinga og haghafa.

Skerðingarvegalengd

Fram kemur á í kafla 6.1.6 að við kortlagningu óbyggðra víðerna, og mat á skerðingaráhrifum skipulagsáforma á óbyggð víðerni verði eftirfarandi lagt til grundvallar:

- „Mörk óbyggðra víðerna miði almennt við 5 km frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum sem teljast ágeng gagnvart náttúrugæðum óbyggða.
- Skerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í tilviki mjög stórra mannvirkja og tæknilegra ummerkja, en styttri en 5 km vegna umfangsminni mannvirkja og tæknilegra ummerkja, sem þó teljast skerða náttúrugæði óbyggða.
- Skerðingarfjarlægð ráðist jafnframt af því hvort landform byrgja sýn að viðkomandi mannvirki.
- Innan óbyggðra víðerna geti verið stök, umfangslítill mannvirki og tæknileg ummerki sem samrýmst geta óbyggðaupplifun og náttúrugæðum óbyggða.

Samorka telur mikilvægt að skilgreint verði betur í tillögunum hvað sé átt við með þeim hugtökum sem notuð eru hér að ofan, sérlega hvað eru „mjög stór mannvirki“ og „stök umfangslítill mannvirki“. Það mun hafa mikil áhrif hvernig þessi hugtök verða túlkuð og því er mikilvægt að það komi fram.

6.3 Nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag

Kafla þessi var dregin til baka eftir að stefnan var upphaflega sett fram. Samorka vill þó koma á framfæri nokkrum megináherslum samtakanna varðandi umfjöllun um vindorku í þeirri tillögu sem sett var fram.

- Í tillögunni var gert ráð fyrir aðkomu verkefnisstjórnar rammaáætlunar að svæðum í flokki B. Að mati Samorku er **þarna verið að blanda saman tveimur mismunandi kerfum til auðlindanotkunar, án nokkurs tilefnis.** „Skoska leiðin“ sem boðað hefur verið að verði farin í vindorkumálum felur í sér að vindorkunýting sé meðhöndluð í skipulagsferlum sveitarfélaga, byggt á öflugri Landsskipulagsstefnu. Ef að bæta á aðkomu rammaáætlunar ofan á það – **er verið að búa til tvöfalt kerfi í kringum nýtingu vindorku.**
- Auk þess að fela í sér tvöfalt kerfi, er „Landsskipulags-hluti“ tillögunnar þyngri umsvifs en kerfið í Skotlandi, þ.e þau víðmið sem notuð eru í Skotlandi hafa verið hert. Hér er sérstaklega vísað til þess að í flokk A hefur verið bætt við friðlýstum svæðum á grundvelli laga um náttúruvernd, önnur en þjóðgarðar. Þá er bætt við 10 km nærsvæðum í flokk B. **Að mati samtakanna er hér um að ræða ákaflega íþyngjandi viðbætur, sem ekki er tilefni til.**
- Eins og var fjallað um hér að ofan er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn rammaáætlunar taki til skoðunar framkvæmdaáform um virkjun vindorku (10 MW og stærri) á svæðum í flokki B. Í tillögunni var settur fram listi 10 atriða sem meta á framkvæmdaáform út frá. Samorka leggur áherslu á að aðkoma verkefnisstjórnar verði takmörkuð við það atriði sem varð til þess að virkjanaáformin lentu í flokki B. Það er ef að áformin lentu í flokki B á þeim forsendum að þar væru mikilvæg fuglasvæði, þá er einungis tilefni til þess að verkefnisstjórn rammaáætlunar skoði 4. atriðið í listanum: „varpsvæði og farleiðir fugla“. Það er tilefnislaust að verkefnisstjórn rammaáætlunar taki til skoðunar sem dæmi „búsetulandslag og menningarminjar“ fyrir virkjanakost sem lenti í flokki B byggt á því að hann sé á mikilvægu fuglasvæði.
- Eins og kerfið er sett upp felur flokkur B í sér aðkomu verkefnisstjórnar, þ.e hann þýðir að svæði eru að e-u leyti tekin út fyrir skipulagsferli sveitarfélagsins. Þannig telur Samorka það óþarfi að hafa 10 km

nærsvæði í kringum vaxtarmörk þéttbýlis í flokki B, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Að mati samtakanna eru sveitarfélögin sjálf rétti aðilinn til að meta áhrif framkvæmda í eða við þéttbýli hvers sveitarfélags.

- Þá leggja samtökin áherslu á að skýr tímamörk verði sett um aðkomu rammaáætlunar að virkjanaáformum í flokki B – ef að ekki verður gerð breyting á þessu, sbr. fyrsta athugasemd samtakanna hér að ofan.. Því miður hefur reynslan verið sú með rammaáætlun að hún hefur þýtt að uppbyggingartími virkjana hérlendis er rúmlega tvöfaldur miðað við þau ríki sem við helst berum okkur saman við. Því er mikilvægt að í þessu nýja kerfi verið tímafrestir vel afmarkaðir.

Að síðustu þá þakkar Samorka fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og eru samtökin tilbúin til að koma að vinnu málsins í framhaldinu. Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllt, f.h Samorku

Sigurjón Norberg Kjærnested, forstöðumaður og staðgengill framkvæmdastjóra.